

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/385
komudagur 28.11. 2006 VÞH 09.11.2006

Atriði sem taka gildi 1. janúar 2007:

1. Einföldun á kerfinu með sameiningu tveggja bótaflokka. Tekjutrygging og tekjutryggingarauki verða einn sameiginlegur bótaflokkur, tekjutrygging. Grunnfjárhæð tekjutryggingar verður hækkuð og verður óháð því hvort einstaklingur á maka eða ekki. Þetta er mesta kerfisbreytingin og gildir líka fyrir öryrkja.
2. Fyrri skrefið í að lækka skerðingarhlutfall tekjutryggingar. Skerðingarhlutfallið er lækkað úr 45% í 39,95%. Gildir líka fyrir öryrkja.
3. Frestun á töku ellilífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins leiðir til allt að 30% hækkunar bóta.
4. Fyrri skrefið í að hætta að setja fjármagn úr Framkvæmdasjóði aldraðra í rekstur öldrunarstofnana.
5. Friðargæsluliðar verða slysatryggðir allan sólarhringinn.
6. Allir háskólanemar í verklegu námi verða slysatryggðir.
7. Lög um almannatryggingar, lög um félagslega aðstoð og lög um málefni aldraðra felld saman og endurútgefin.
8. Vasapeningar hækka um 25% með reglugerð. Fara úr 22.873 kr. á mánuði í 28.591 kr. Gildir líka fyrir öryrkja.
9. Heimilisuppbót hækkar um 4.361 kr. með reglugerð. Fer úr 18.803 kr. á mánuði í 23.164 kr. Gildir líka fyrir öryrkja.

Atriði sem taka gildi 1. janúar 2008:

1. Síðara skrefið í að lækka skerðingarhlutfall tekjutryggingar. Skerðingarhlutfallið er lækkað úr 39,95% í 38,35%. Gildir líka fyrir öryrkja.
2. Síðara skrefið í að hætta að setja fjármagn úr Framkvæmdasjóði aldraðra í rekstur öldrunarstofnana.

Atriði sem taka gildi 1. janúar 2009:

1. Fyrri áfangi í að halda lífeyrissjóðstekjum hjóna aðgreindum. Lífeyrissjóðsgreiðslur lífeyrisþega hafa 80% vægi og lífeyrissjóðsgreiðslur makans 20% vægi. Gildir líka fyrir öryrkja.

2. Fyrri áfangi í að halda atvinnutekjum hjóna aðgreindum. Atvinnutekjur lífeyrisþegans hafa 65% vægi og atvinnutekjur makans 35% vægi. Tekur líka til öryrkja.
3. Fyrri áfangi í að setja frítekjumark á atvinnutekjur ellilífeyrisþega. Verður 200 þús.kr. á ári. Tæplega 17 þús.kr. á mánuði. Tekur ekki til öryrkja þar sem þeir hafa sérreglu um atvinnutekjur, þ.e. 40% af atvinnutekjum hafa ekki áhrif á tekjutryggingu.

Atriði sem taka gildi 1. janúar 2010:

1. Síðari áfangi í að halda lífeyrissjóðstekjum hjóna aðgreindum. Lífeyrissjóðstekjur makans hafa engin áhrif á bætur. Gildir líka fyrir öryrkja.
2. Síðari áfangi í að halda atvinnutekjum hjóna aðgreindum. Atvinnutekjur lífeyrisþegans hafa 75% vægi og atvinnutekjur makans 25% vægi. Gildir líka fyrir öryrkja.
3. Síðari áfangi í að setja frítekjumark á atvinnutekjur ellilífeyrisþega. Verður 300 þús.kr. á ári, þ.e. 25 þús.kr. á mánuði. Tekur ekki til öryrkja þar sem þeir hafa sérreglu um atvinnutekjur, þ.e. 40% af atvinnutekjum hafa ekki áhrif á tekjutryggingu.